

Ed.

678. Nefndarálit

[246. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 11. febr. 1953, um ættleiðingu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Nefndin telur, að heimild sú um lækkun á aldri þeirra, sem fá leyfi til ættleiðingar, komi einkum til greina, þegar um er að ræða barn annars þeirra hjóna, sem sækja um ættleiðinguna.

Alþingi, 12. maí 1975.

Ingi Tryggvason,
form., frsm.

Axel Jónsson,
fundaskr.

Halldór Ásgrímsson.

Oddur Ólafsson.

Jón G. Sólnes.

Geir Gunnarsson.